

Auglýsing

um staðfesting stjórnarráðsins á heilbrigðissamþykkt fyrir Fljótsdalshrepp í Norður-Múlasýslu.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvbr. 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjermeð staðfest eftirrituð heilbrigðissamþykkt fyrir Fljótsdalshrepp í Norður-Múlasýslu

Heilbrigðissamþykkt

fyrir Fljótsdalshrepp í Norður-Múlasýslu

I.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykkt þessi nær yfir Fljótsdalshrepp.

2. gr.

Hreppstjóri er formaður heilbrigðisnefndar. Auk hans eiga sæti í nefndinni einn maður, sem hreppsnefnd kýs til þriggja ára og annar, er sýslunefnd kýs af íbúum hreppsins til jafn langs tíma.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa, eða hinir tveir nefndarmenn eða hjeraðslæknir — ef hann á ekki sæti í nefndinni — óska þess. Nefndin skal halda fundarbók og bóka allar gerðir og athuganir sínar. Hún skiftir með sjer störfum eftir því, sem henni þykir best henta, en formaður skal hafa á hendi aðalumsjón á, að ályktunum og fyrirskipunum hennar sje hlýtt. Sje hjeraðslæknir ekki í heilbrigðisnefnd, á hann rjett á að sitja á fundum nefndarinnar og taka þátt í umræðum, en eigi hefir hann atkvæðisrjett. Jafnan skal boða honum fundi og tilgreina fundarmálefni.

4. gr.

Ritfangakostnað, burðargjöld og kostnað, er hlýst af fundahöldum og sendiferðum, skal greiða úr hreppssjóði eftir reikningi, sem hreppsnefnd samþykkir,

en sýslunefnd úrskurðar, ef ágreiningur ris um. Þó er skylt að borga slíka reikninga heilbrigðisnefndar úr hreppssjóði til bráðabirgða. 121
18. sept.

5. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþykkt sje hlýtt. Henni skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka alt það, er samþykktin ræðir um, hvort heldur er á almanna færi eða viðkomandi einstökum mönnum. Þar sem nefndin finnur eitthvað aðfinsluvert, skal hún skriflega skipa þeim, sem í hlut á, fyrir um, hvað honum beri að gera til umbóta, ella tilkynna sýslumanni, ef um er að ræða brot gegn reglugjörðinni.

6. gr.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlega einhverja heilbrigðisráðstöfun eða þrífnaðarbót, sem hefir í för með sjer útgjöld og er þess eðlis, að eigi er hægt að heimta af nokkrum einstökum manni, þá skal hún leggja það mál fyrir hreppsnefnd og fara fram á, að fjeð sje veitt úr sveitarsjóði. Vilji hreppsnefnd eigi veita fjeð, má skjóta því máli til sýslunefndar til úrskurðar.

II.

Um farskóla og heimangönguskóla.

7. gr.

Skylt er fræðslunefnd, áður en hún ræður heimili til barnafræðslu í hreppnum, að fullvissa sig um með læknisvottorði, að hvorki berklaveiki nje aðrir næmir sjúkdómar, sem börnunum stafar hætta af, sjeu á bænum, og að kensluherbergi fullnægi hollustuháttum að því er snertir loftræsting, hita o. fl. Alls hreinlætis skal gætt í kenslustofum, svo sem að þvo gólfín iðuglega, en sópa eigi, og að gott hrákallát sje þar og hreinlega sje með það farið.

8. gr.

Barnakennarar — áður en ráðnir eru — og börn, sem sækja farskólann, skulu sanna fyrir fræðslunefnd með læknisvottorði, að enga næma sjúkdóma hafi.

9. gr.

Veikist barn meðan á námstíma stendur, einkum ef það hefir hósta samfara uppgangi og mæði, eða leggur af, skal kennari brýna fyrir foreldrum, eða öðrum aðstendendum þess, að láta vitja læknis, og tilkynna formanni fræðslunefndar, ef eigi er aðgert. Sýkist kennari eða aðrir heimilismenn á kensluheim-

121 ili og grunur er á því, að um næman sjúkdóm geti verið að ræða, skal húsráð-
18. sept. andi láta þegar vitja lækni. Í framangreindum tilfellum skal hjerablæknir í samráði við heilbrigðisnefnd gera nauðsynlegar ráðstafanir gegn útbreiðslu veikinnar.

10. gr.

Kostnað þann, sem leiðir af rannsókn farkensluheimila sem slíkra, samkvæmt 7. gr., skal greiða úr sveitarsjóði. Annar kostnaður greiðist af hlutaðeigendum.

III.

Um sveitarómaga.

11. gr.

Ef grunur leikur á, að næmur sjúkdómur sje, eða komi síðar upp á heimilum, þar sem börnum, sem hreppsnefnd ráðstafar, hefir verið komið fyrir, getur heilbrigðisnefnd krafist þess af hreppsnefnd, að þeim sje fengin önnur vist, nema hreppsnefnd sanni með vottorði hjerablækni, að þess sje ekki þörf. Skyllt er hjerablækni að aðvara heilbrigðisnefnd í slíkum tilfellum, ef hann kemst að þeim fyr en hún.

IV.

Um skólþ.

12. gr.

Skólþ má eigi láta síga í jörð svo nærri íbúðarhúsum, að hætta sje á því, að jarðvegurinn undir húsunum saurgist. Heilbrigðisnefnd er heimilt að skipa fyrir um fráæslu skólþs á þann hátt, sem hún telur hyggilegan.

V.

Um vatnsból.

13. gr.

Vatnsból skal verja fyrir hverskonar óhreindum. Skal hvorki í þau bera nje láta í þau renna nokkuð það, sem óhreinakar vatnið eða spillir því. Húðir má eigi bleyta í vatnsbólum eða nærri þeim.

14. gr.

121

18. sept.

Hauga, fyrir eða salerni má eigi hafa nær brunnum en svo, að millibilið sje 9,5 til 13 metrar. Eigi má heldur bera áburð á tún í nánd við brunna. Rjett er að leita álits heilbrigðisnefndar eða hjeraðslæknis, er nýjan brunn skal gera eða breyta gömlum.

VI.

Um hreinlæti á heimilum.

15. gr.

Gæta skal alls hreinlætis á heimilum innan húss og utan.

Íbúðarhúsum skal haldið svo hreinum og heilnæmum, sem kostur er á, svo sem með því að þvo gólf að jafnaði, en sópa eigi, hafa hrákailát svo víða, sem þörf er á og hirða þau vel, en hrækja eigi á gólf eða í göng, láta eigi hunda ganga að jafnaði um búr og eldhús og önnur íbúðarhús, loftræsta og víðra hús og fatnað eftir föngum og varast að öðru leyti alt það, sem valdið getur óhollustu.

Utan húss skal halda svo hreinu í kringum bæi, sem hægt er, svo sem með því, að láta eigi bæjarsorp eða saur manna eða fjenaðar safnast kringum bæi, nje heldur innýfli úr pestarkindum eða hræ sjálfdaudra dýra; gæta þess, að mykjulögur frá haugstæðum renni eigi svo nálægt bæjum, að borist geti inn í húsin á fótum manna o. s. frv.

16. gr.

Valdi haugstæði eða fyrir, sem eldri eru en samþykkt þessi, miklum óprifnaði, getur heilbrigðisnefnd heimtað, að flutt sje burt eða búið sje svo um, að ósagnæmt sje. Heimilt er þó viðkomanda, að áfrýja skipun nefndarinnar til úrskurðar sýslumanns, en hann leitar álits hjeraðslæknis og leggur síðan úrskurð á málið.

VII.

Um samkomuhús.

17. gr.

Samkomuhús skal þvo á undan og eftir hverri samkomu. Sjeð skal fyrir nægri loftræslu og nægilega mörgum hrákailátum og gæta að öðru leyti alls hreinlætis innan húss og utan.

VIII.

Um næma sjúkdóma.

18. gr.

Þá er lögskipuðum vörnum er haldið uppi gegn næmum sjúkdómum, skal heilbrigðisnefnd aðstoða hjeraðslækni við sóttvörnina, ef hann æskir þess. Ef upp kemur alvarlegur næmur sjúkdómur á því svæði, sem samþykktin nær yfir, eða í nálægum sveitum, þá er heilbrigðisnefnd heimilt, í samráði við hjeraðslækni, að setja strangari fyrirmæli um stundarsakir, en í samþykkt þessari felast, um hreinlæti utan húss og innan, eða það annað, sem þörf er á.

IX.

Um sektir o. fl.

19. gr.

Brot á samþykkt þessari eða vanræksla á að framkvæma á settum frest- um nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, varðar sektum, alt að 100 króna, sem renna í sveitarsjóð.

20. gr.

Ef heilbrigðisnefnd kys heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, sem vinna átti, þá er henni það heimilt. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, ef þörf er á, en taka hann síðan lög- taki hjá þeim, sem sekur er.

21. gr.

Sjái heilbrigðisnefnd einhvern óþrifnað eiga sjer stað, sem skaðlegur er heilsu manna og er ekki nefndur í reglugjörð þessari, hefir hún vald til að hlutast til um það, og eru menn skyldir að hlýðnast fyrirskipunum hennar í þeim efnum.

22. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. nóvbr. 1916.

Þetta er hjermeð gert heyrum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 18. sept. 1916.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

G. Sveinbjörnsson.